

22. fundur umhverfis- og skipulagsnefndar Langanesbyggðar, haldinn á skrifstofu Langanesbyggðar, Fjarðarvegi 3 á Þórshöfn, föstudaginn 11. maí 2012, kl. 12:00

Mætt: Steinunn Leósdóttir formaður, Josteinn Hermundsson og Vikar Már Vífilsson, Jafnframt sat fundinn Gunnólfur Lárusson sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Umsókn um lóð.

Í bréfi dagsettu 7. maí 2012 sækja BJ Vinnuvélar um lóð nr. 3 Háholti. Lóðin yrði fyrst notuð sem geymslulóð og síðan yrði byggt á henni.

Umhverfisnefnd samþykkir umsóknina og sveitarstjóra falið að gera lánsamning við BJ Vinnuvélar ehf. um lán á lóðinni til 3 ára, en hafi einhver áhuga á að byggja á lóðinni þá fá BJ Vinnuvélar forgang á byggingarrétti.

Samþykkt samhljóða

2. Hreinsunaráttak

Farið var yfir punkta sem umhverfisnefnd tók saman í yfirferð um Langanesbyggð 20.apríl sl.

3. Hús að Vegamótum

Umhverfisnefnd leggur til að sveitarfélagið fjarlægi húsið á Vegamótum en húsið er í eigu sveitarfélagsins, en nefndin telur það hættulegt mönnum og skepnum, auk þess sem mikil óþrýði er af því. Engin verðmæti eru í þessari eign og ekki fellur það undir húsafriðunarnefnd, þar sem húsið er byggt árið 1937.

Samþykkt samhljóða

4. Svæði norðan við Bakkaveg 23

Nefndin leggur til að svæðið norðan við Bakkaveg 23 verði slétt og sáð í það.

5. Göngustígur

Nefndin leggur til að skoðað verði möguleiki á að tengja tjaldsvæðið með göngustíg í gegn um skógalundinn við kirkjuna.

Fundargerðin upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl.13:10